

AUGLÝSING

um friðlýsingu Gerpissvæðisins.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur í samræmi við náttúruverndaráætlun 2009-2013 og í kjölfar þriggja mánaða opins kynningarferils, sbr. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ákveðið að friðlýsa hluta Gerpissvæðisins milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar sem landslagsverndarsvæði í samræmi við 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Svæðið hefur hátt verndargildi sem byggir á mikilvægi jarðminja, landslags, útivistargildis og menningarsögu. Innan svæðisins eru einnig stór svæði sem bera einkenni víðerna auk þess sem þar er að finna búsvæði sjaldgæfra plöntutegunda og fugla.

Fjölmargar sjaldgæfar plöntur er að finna á svæðinu og eru nokkrar þeirra skráðar á valista Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018) sem tegundir í nokkurri hættu, s.s. stinnasef, skógelfting og lyngbúi. Margar vistgerðir eru innan svæðisins sem hafa hátt verndargildi, eru á lista Bernar-samningsins og flokkast sem forgangsvistgerðir, s.s. runnamýravist og kjarrskógavist. Lyngmóavist á láglandi og blómgresisvist hafa jafnframt hátt verndargildi.

Innan friðlýsta svæðisins er Seley sem er skilgreind sem mikilvægt fuglasvæði. Lundabyggð er í Seley en þar er einnig talsvert æðarvarp auk þess sem svæðið er eina þekktu varpsvæði helsingja á Austurlandi.

Barðneseldstöðin er elsta eldstöð Austfjarða og var virk fyrir 12-13 milljónum ára. Á norðaustan-verðu Barðnesi er þykk lagskipt gjóska þar sem er að finna kolaða trjástofna í uppréttri stöðu, og eru það elstu gróðurleifar á Austurlandi. Náttúruvættið Helgustaðanáma er á Helgustaðajörðinni og líklega er að finna kalsít á fleiri stöðum á jörðinni.

Á svæðinu er mikilfenglegt landslag og hefur það hátt útivistar- og fræðslugildi vegna náttúruvafars og sögu.

Í Hellisfirði og Viðfirði er að finna kóralþörungum sem eru mikilvæg búsvæði fyrir aðrar lífverur og hafa mjög hátt verndargildi.

Við ákvörðun um friðlýsingu var höfð hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro, 1992), sbr. Stjórnartíðindi C nr. 11/1995, samningum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C nr. 17/1993) og Evrópu-samningi um landslag (Flórens 2000).

Friðlýsta svæðið er 121,24 km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda landslag svæðisins, lífríki, gróðurfar og jarðminjar svæðisins, sbr. 2., 3. og 50. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Markmið friðlýsingarinnar er jafnframt að standa vörð um ásýnd svæðisins, einkenni þess og upplifun gesta svæðisins af svæðum sem bera einkenni víðerna m.a. með stýringu umferðar um svæðið.

Verndunin nær til landslagsheildar, lífríkis, gróðurfars og jarðminja svæðisins. Í hafi nær friðlýsingin til hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

Einnig er markmið friðlýsingarinnar að sjálfbærni sé höfð að leiðarljósi í allri nýtingu, stjórnun og framtíðarskipulagningu svæðisins.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins.

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti í viðauka við auglýsingu þessa, en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Umhverfisstofnun. Friðlýsingin nær til fjöru, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.
Umsjón.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með verndarsvæðinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun getur falið einstaklingum, sveitarfélögum eða öðrum lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæðisins, sbr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Samstarfshópur um málefni friðlýsta svæðisins er Umhverfisstofnun til ráðgjafar og skal skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunar, sveitarfélagsins og landeigenda, auk fulltrúa Minjastofnunar. Fulltrúi Umhverfisstofnunar fer með formennsku í samstarfshópnum og boðar til funda. Hlutverk samstarfshópsins er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu fyrir verndarsvæðið, samvinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar ásamt endurskoðun og breytingum á henni svo og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

5. gr.
Stjórnunar- og verndaráætlun.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir verndarsvæðið í samstarfi við samstarfshóp og í samræmi við 81. gr. laga nr. 60/2013. Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um landnýtingu, landvörslu, vöktun, uppbyggingu, fræðslu og miðlun upplýsinga, verndaraðgerðir, umferð gesta, framandi lífverur, notkun vélknúinna farartækja, viðhald mannvirkja og veiðar.

Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við samstarfshóp um málefni verndarsvæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila.

Stjórnunar- og verndaráætlun er háð staðfestingu ráðherra og skal endurskoða eftir því sem tilefni er til.

6. gr.
Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun á verndarsvæðinu, sbr. 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar.

Aðrar rannsóknir en lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar.

Hafrannsóknastofnun annast rannsóknir í hafi og í ám og vötnum, þ.m.t. á vistkerfum fjörunnar og hafsins. Náttúrufræðistofnun skal hafa samstarf, eftir því sem við á, við Hafrannsóknastofnun um rannsóknir á fræðasviði stofnunarinnar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.
Fræðsla.

Umhverfisstofnun, í samstarfi við samstarfshóp verndarsvæðisins, hefur frumkvæði að fræðslu um svæðið. Í fræðsluefni skal upplýst um verndargildi svæðisins og umgengnisreglur sem þar gilda, sérstöðu svæðisins og fleira.

Nánar skal fjallað um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun.

8. gr.
Verndun gróðurs og dýralífs.

Óheimilt er að spilla gróðri eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins hvort sem er á landi, í ferskvatni eða í sjó. Undanskildar eru þó framandi tegundir og veiðar, sbr. 16. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000. Undanskilið banninu eru svæði innan 150 m fjarlægðar frá húsum landeigenda. Landeigendur skulu tryggja að útlendar plöntutegundir berist ekki út fyrir skilgreindu svæðin.

Unnið skal að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra á landi sem hafa verið flutt inn á svæðið eða berast inn á það. Ákvæðið á ekki við um hreindýr.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs og framandi lífverur í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Verndun landslags.

Varðveita skal einkenni og sérkenni landslags svæðisins. Óheimilt er að valda spjöllum á landslagi svæðisins. Framkvæmdir skulu ekki hafa afgerandi áhrif á ásýnd svæðisins og mannvirki skulu falla sem best að svipmóti lands. Nánar er fjallað um framkvæmdir á verndarsvæðinu í 12. gr.

10. gr.

Verndun jarðminja.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt innan verndarsvæðisins nema með sérstöku leyfi skv. 12. gr.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Um menningarminjar fer skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir á verndarsvæðinu, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi, eru háðar leyfi sveitarfélags, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010, landeigenda og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk annarra stofnana eftir því sem við á. Framkvæmdir innan 150 m fjarlægðar frá húsum landeigenda eru ekki háðar leyfi Umhverfisstofnunar svo fremi að þær hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, að frárænnslí sé í samræmi við ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólþ nr. 798/1999 og að frágangur að framkvæmdum loknum sé til fyrirmyndar.

Mannvirki skulu falla vel að landslagi. Uppbygging innviða á svæðinu skal fara eftir skipulagi þess. Nánar skal fjallað um uppbyggingu innviða s.s. stígagerð, áningarstaði og merkingar gönguleiða í stjórnunar- og verndaráætlun.

Efnistaka er aðeins heimil á skilgreindum svæðum innan friðlýsta svæðisins. Efni skal aðeins nota innan svæðisins. Efnistaka úr sjó í Viðfirði og Hellisfirði er óheimil. Nánar skal fjallað um efnistöku og efnistökuastaðir skilgreindir í stjórnunar- og verndaráætlun.

Heimilt er að halda við mannvirkjum og vegum sem þegar eru í notkun án þess að leita þurfi leyfis Umhverfisstofnunar, svo fremi sem framkvæmdir hafi ekki áhrif á verndargildi svæðisins. Á heimildin við um umferðarmannvirki s.s. vegi og brýr á forræði Vegagerðarinnar auk þess sem heimilt verður að viðhalda Norðfjarðarhornsvita og aðkomu að honum frá sjó. Um þær framkvæmdir almennt gilda skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Nánar skal fjallað um viðhald og merkingu vega á svæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Réttur bænda til nýtingar afrétta, sauðfjárbeitar og smölunar helst óbreyttur. Nánar skal fjallað um beit á svæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun.

Nytjar á æðardúni í Seley haldast eins og verið hefur. Æðarrækt á svæðinu er heimil eins og verið hefur.

Óheimilt er að raska kóralþörungum í sjó innan friðlýsta svæðisins. Nánar skal fjallað um vernd kóralþörungum í stjórnunar- og verndaráætlun. Um verndun kóralsvæða fer einnig samkvæmt lögum á sviði fiskveiðistjórnar.

13. gr.

Starfsemi innan svæðisins.

Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem fela í sér hættu á jarðraski eða kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða og samkomuhalds.

Nánar skal fjallað um starfsemi innan svæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Umferð um verndarsvæðið.

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim umgengnisreglum sem gilda innan þess. Ávallt skal fylgja merktum leiðum og skipulögðum stígum þar sem þeir eru til staðar.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur skv. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og 5. gr. reglugerðar nr. 528/2005 um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun er heimilt að loka ákveðnum svæðum í verndarskyni, sbr. 25. og 25. gr. a laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Innan verndarsvæðisins er óheimilt að nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan samþæfilegan búnað utan skipulagðra tjaldsvæða. Undanskilið banninu er notkun við íbúðar- og sumarhús á svæðinu að fengnu leyfi landeigenda sem sjá fyrir hreinlætisaðstöðu. Fólki sem ferðast fótgangandi eða á reiðhjóli með allan sinn farangur er heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum utan skipulagðra tjaldsvæða. Hópar göngumanna þar sem eru fimm tjöld eða fleiri þurfa leyfi Umhverfisstofnunar til að tjalda utan skipulagðra tjaldsvæða. Þegar tjaldað er utan skipulagðra tjaldsvæða skal þess gætt að ekki sé valdið skemmdum á náttúru svæðisins.

Hundar og önnur gæludýr skulu vera undir tryggri stjórn og þess gætt að þau valdi ekki truflun fyrir gesti og dýralíf svæðisins, að öðru leyti gilda reglur sveitarfélagsins sem birtast í samþykkt um hunda- og kattahald og annað gæludýrahald í Fjarðabyggð.

Umferð hjólandi er heimil á skilgreindum hjólaleiðum og vegum.

Lendingar mannaðra loftfara í atvinnuskyni eru óheimilar innan verndarsvæðisins nema með leyfi landeigenda og Umhverfisstofnunar. Um umferð ómannaðra loftfara fer samkvæmt almennum reglum þar um, en fjalla skal um umferð mannaðra og ómannaðra loftfara, s.s. á mikilvægum fuglasvæðum, í stjórnunar- og verndaráætlun.

Ríðandi mönnum er heimil för um svæðið á skilgreindum reiðleiðum og vegum.

Nánar skal fjallað um umferð um verndarsvæðið, þ.m.t. stýringu umferðar, göngu-, hjóla- og reiðleiðir, í stjórnunar- og verndaráætlun.

15. gr.

Umgengni um verndarsvæðið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan verndarsvæðisins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

16. gr.

Veiði og notkun skotvopna.

Veiðar eru heimilar á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Um nýtingu og vernd nytjastofna sjávar fer samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða og í vötnum í samræmi við ákvæði laga um lax- og silungsveiði.

Veiðar á ref eru heimilar skv. almennum reglum þar um.

Stefnt skal að útrýmingu minks. Veiðar á mink skulu stundaðar á vegum sveitarfélagsins.

Nánar skal fjallað um veiðar á verndarsvæðinu, aðrar en getur í 2. mgr., í stjórnunar- og verndaráætlun.

17. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn ákvæðum friðlýsingarinnar fer samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

18. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þegar ekki liggur fyrir staðfest skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun er Umhverfisstofnun heimilt að veita leyfi fyrir framkvæmdum ef þær ganga ekki gegn verndarmarkmiðum friðlýsingarinnar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 11. september 2021.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI
Mörk svæðisins.



	<p>Gerpissvæðið</p> <ul style="list-style-type: none"> ▭ Landslagsverndarsvæði ▭ Helgustaðanáma — Vegir 	Flatarmál: 121,24 km ²
		Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
		Hnattstaða: ISN93
		Kortagerð: Ingibjörg M. Bjarnadóttir
		Umhverfisstofnun, dags. 7.9.2021